

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1241  
komudagur 12.3.2010



Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2010

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, þskj. 686 - 382. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. BSRB gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read "Helga Jónsdóttir".

Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis  
B.t. félags- og tryggingamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2010

**Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, 382. mál.**

## **I. Almennt**

Vísað er til erindis háttvirtrar félags- og tryggingamálanefndar dagsett 1. mars 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, 382. mál.

Félag atvinnurekenda gerir nokkrar athugasemdir við frumvarpið.

Þær eru heistar:

- Frumvarpinu er ekki ætlað að taka til Félags atvinnurekenda en það fellur ekki undir skilgreiningu frumvarpsins á hugtakinu „*heildarsamtök atvinnurekenda*“ samkvæmt greinargerð. Félagið gerir hins vegar ekki sérstaka athugasemd við þá staðreynd.
- Samkvæmt frumvarpinu er ákvörðunarvald um hvaða atvinnugreinar og atvinnurekendur muni falla undir lögin einhliða á hendi fyrrgreindra heildarsamtaka.
- Sú staða gæti því komið upp að framangreindir aðilar ákveði að lögin skuli taka til aðila innan Félags atvinnurekenda. Slíkt er óásættanlegt fyrir félagið enda yrði með því hafið af félaginu vald þess til samningsgerðar og hagsmunagæslu fyrir hönd sinna félagsmanna.
- Félagið telur því nauðsynlegt að kveðið verði á um að lögin taki ekki til þeirra atvinnurekenda sem aðild eiga að félögum eða samtökum atvinnurekenda sem ekki teljast til *heildarsamtaka atvinnurekenda* eins og hugtakið er skilgreint í frumvarpinu.

## II. Athugasemdir

Umrætt frumvarp er sérstakt að því leyti að það gerir ráð fyrir að það sé á valdi samningsaðila að ákveða gildissvið laganna innan þess ramma sem þau setja. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir að það sé á hendi aðila vinnumarkaðarins að semja nánar um það í kjarasamningum sínum á milli til hvaða atvinnugreina og starfa innan þeirra lögin muni taka, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í greinargerð með frumvarpinu er hugtakið „samtök aðila vinnumarkaðarins“ skilgreint nánar en þar segir að átt sé við heildarsamtök á vinnumarkaði, hvað varðar almennan vinnumarkað falli þar undir Alþýðusamband Íslands (ASÍ) sem heildarsamtök launafólks en Samtök atvinnulífsins (SA) sem heildarsamtök atvinnurekenda. Félag atvinnurekenda eru samtök fyrirtækja og fer félagið með samningsumboð fyrir sína félagsmenn. Í krafti þess umboðs gerir félagið, fyrir hönd sinna félagsmanna, kjarasamninga m.a. við VR, Rafiðnaðarsamband Íslands, Félag bókagerðarmanna og Félag lyfjafræðinga. Af fyrrgreindu er hins vegar ljóst að frumvarpinu er ekki ætlað að taka til Félags atvinnurekenda.

Félagið gerir ekki athugasemdir við þá staðreynd að það muni ekki koma til með að falla undir gildissvið laganna ef frumvarpið verður að lögum. Hins vegar telur félagið nauðsynlegt að í frumvarpinu verði nánar kveðið á um stöðu þeirra atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði sem ekki eiga aðild að SA en eiga engu að síður aðild að samtökum atvinnurekenda. Leggur félagið til að um framangreint verði sett sérstakt ákvæði þannig að skýrt sé að aðilar á almennum vinnumarkaði sem aðild eiga að öðrum samtökum en SA falli utan gildissviðs laganna.

Framangreind tillaga er sprottin upp frá þeirri staðreynd að samkvæmt frumvarpinu er ákvörðunarvald um hvaða atvinnugreinar og störf innan þeirra á almennum vinnumarkaði lögin taki til, einhliða og að öllu leyti á hendi ASÍ og SA. Vegna þessa gæti sú staða komið upp að framangreindir aðilar ákveði að lögin skuli taka til fyrirtækja innan Félags atvinnurekenda auk þess sem að þeim verður veitt vald til þess að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur fyrirtækja innan Félags atvinnurekenda. Slíkt yrði óásættanlegt enda kæmi Félag atvinnurekenda þar hvergi að ákvörðuninni en jafnframt vegna þess að gildissviði frumvarpsins er ekki ætlað að ná til félagsins.

Að mati Félags atvinnurekenda er af framangreindu ljóst að nauðsynlegt er að setja um það sérstakt ákvæði í frumvarpið að það taki ekki til atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði sem aðilar eru að öðrum samtökum atvinnurekenda en SA. Að öðrum kosti er mögulegt að vegið yrði að sjálfstæði félagsins með því að taka af því valdið til að ráða málefnum sínum sjálfst en ákvarðanir félagsins er ávallt teknar með hagsmunum félagsmanna að leiðarljósi.

Þannig yrði sú staða jafnframt möguleg að samningaréttur og samningsumboð Félags atvinnurekenda teldist í raun sniðgengið og framselt öðrum. Það væri jafnframt brot á 74. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 um félagafrelsi ef atvinnurekendur sem aðild eiga að Félagi atvinnurekenda yrðu látnir sæta því að lúta tilteknum reglum vegna

einhlíða ákvörðunar samtaka sem þeir eiga ekki aðild að en ekki þess félags sem þeir hafa kosið að tilheyra. Má segja að slíkir atvinnurekendur yrðu nauðbeygðir til þess að gerast aðili að SA ef þeir réttilega kjósa að vera aðilar að félagi sem er bært til að ráða samningum sínum sjálfst og standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna við slíka ákvarðanatöku sem um ræðir. Það fer auk þess nokkuð nærri jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar að Alþingi setji lög þess efnis að einu félagi sé heimilt að ráða málefnum annars jafn setts félags.


Félag atvinnurekenda fer þess á leit við nefndina að hún taki mið af því sem félagið leggur til og óskar eftir að nefndin geri nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu í takt við það.

Að öðru leyti gerir Félag atvinnurekenda ekki athugasemdir við umrætt frumvarp.

### III. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur  
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1108  
komudagur 3.3.2010



Hagstofa Íslands

3. mars 2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, 382. mál.**

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, 382. mál.

Þar sem vinnustaðaskírteini verða ekki stöðluð og færð í gagnagrunn, mun frumvarpið ekki hafa áhrif á hagskýrslugerð.


Virðingarfyllst

---

Ólafur Hjálmarsson  
hagstofustjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1530  
komudagur 7.4.2010

Alþingi  
Félags- og trygginganefnd  
107 REYKJAVÍK



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 29. mars 2010

Tilvísun: 2010030250PS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs félags- og trygginganefndar Alþingis frá 1. mars 2010 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini (þskj. 686, 382. mál á 138. löggjafarþingi). Frumvarpið lýtur að vinnustaðaskírteinum með nöfnum og kennitölum atvinnurekenda eða öðrum auðkennum þeirra og nöfnum og kennitölum starfsmanna ásamt mynd af viðkomandi, sbr. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Segir að samtök aðila vinnumarkaðarins semji um það í kjarasamningum sín á milli hvaða atvinnugreinar og störf falli undir skyldu til að notast við þessi skírteini hverju sinni, sbr. 2. mgr. 1. gr. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins yrði markmið laga á grundvelli þess að stuðla að því að atvinnurekendur á innlendum vinnumarkaði og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum og reglum. Í 4.–7. gr. frumvarpsins er fjallað um það hvernig þessu markmiði er fyrirhugað að ná með eftirliti aðila vinnumarkaðarins og opinberra stofnana.

Ekki eru gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður Sveinsson'. The signature is fluid and cursive, with the first and last names clearly distinguishable.

Þórður Sveinsson

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1120  
komudagur 3.3.2010  
komudagur



Nefndarsvið Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
Alþingishúsið stendur við Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 2010

Efni: Umsögn um þskj. 686-382. mál frumvarp um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

Samiðn gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið og leggur áherlsu á að það fái vandaða og skjóta afgreiðslu á Alþingi.

Virðingafyllst f.h. Samiðnar

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/1452  
komudagur 26.3.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10

105 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, 382. mál.**

Frumvarp þetta er samið að frumkvæði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins til að treysta grundvöll samkomulags sem samtökin hafa gert um vinnustaðaskírteini. Markmið vinnustaðaskírteina er að auðvelda eftirlit með kjörum og réttindum launafólks og að einstaklingar og lögaðilar starfi í samræmi við lög og kjarasamninga. Eftirlit á vinnustöðum gæti einnig dregið úr svartri atvinnustarfsemi og misnotkun bótakerfa.

Það hefur verið sameiginlegur skilningur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að eftirlit með kjörum launamanna eigi fyrst og fremst heima hjá stéttarfélögum og trúnaðarmönnum þeirra. Það sé jafnframt skylda samtaka atvinnurekenda að stuðla að því að atvinnurekendur virði gerða kjarasamninga. ASÍ og SA hafa leitað leiða til að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til samtakanna um eftirlit á vinnumarkaði og telja samtökin að vinnustaðaskírteini geti auðveldað það eftirlit.

Ekki er nægilegt að kveða á um útgáfu vinnustaðaskírteina í kjarasamningum því SA og ASÍ hafa ekki þvingunarúrræði til að tryggja aðgang að vinnustöðum og eftirlit. Því þarf löggjöf frá Alþingi til að tryggja framgang málsins.


Samtökin hafa jafnframt miðað við að útgáfa vinnustaðaskírteina eigi að vera vinnuveitendum eins létt og kostnaðarlítill og mögulegt er. Lögð verði áhersla á atvinnugreinar þar sem grunur er um brot á launafólki og svarta atvinnustarfsemi en ekki verði settar kvaðir á aðrar atvinnugreinar

Samtök atvinnulífsins mæla með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllst,

Ragnar Arnason, hdl.  
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA





# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík


*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/1354*  
*komudagur 23.3.2010*

Reykjavík 22. mars 2010.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, 382. mál.**

Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið, en vísar að öðru leyti í umsögn ASÍ um málið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1374  
komudagur 24.3.2010



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is


Reykjavík, 22. mars 2010  
RH/SLB/011/2010

**Efni: Frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, 382. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 2. mars 2010 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Stofnunin fagnar því að lögfest verði aukið eftirlit með atvinnustarfsemi. Fyrirhugað frumvarp er mjög jákvætt skref í að auka eftirlit og samvinnu opinberra stofnana og aðila á vinnumarkaði. Frumvarpið er til þess fallið að gera eftirlit skilvirkara þvert á stofnanir.

Hvað lýtur að Tryggingastofnun þá eru bætur almannatrygginga tekjutengdar og skiptir því öllu máli fyrir stofnunina að fá upplýsingar um það ef bótáþegar gefa ekki upp réttar tekjur sem ákvörðun um bætur er grundvölluð á.

Virðingarfyllt,  
  
Sigríður Líllý Baldursdóttir  
forstjóri

Tryggingastofnun ríkisins  
Laugavegi 114  
150 Reykjavík  
Sími: 560 4400  
Bréfsími: 560 4451  
tr.is



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN  
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/1411*  
*komudagur 26.3.2010*

Reykjavík, 25. mars 2010  
Tilvisun: 2010030003

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum , þskj. 686, 382. mál.**

Við er til bréfs yðar, dags. 25. nóvember 2009, þar sem óskað er umsagnar Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum , þskj. 686, 382. mál.

Útlendingastofnun þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma að athugasemdum vegna ofangreinds frumvarps. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið hvorki í heild né einstakar greinar þess.

Virðingarfyllt,  
f.h. Útlendingastofnunar,

  
Hreiðar Eiríksson

Alþingi  
Erindi nr. P. 138/1353  
komudagur 23.3.2010



Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingarmálanefnd  
b/t Hildur Eva Sigurðardóttir  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum (382. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að velta umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér upptöku vinnustaðaskírteini fyrir atvinnurekendur og starfsmenn á vinnumarkaði.*

**Viðskiptaráð gerir ekki athugasemd við ofangreint frumvarp.**

Virðingarfyllt,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands